

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Vallahrepps er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfissráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMPYKKT**um sorphirðu í Fellahreppi.**

1. gr.

Fellahreppur annast alla sorphirðu í þéttbýli samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirðan fram undir yfirstjórn sveitarfélagsins og eftirliti heilbrigðisnefndar (-fulltrúa).

2. gr.

Sérhver íbúðarhafi í Fellahreppi, þar sem sorphirða er framkvæmd, er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Í sorphílatin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, mól, grjót, byggingarúrgang, gras o.þ.h. Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar og má því ekki fara í sorphílatin. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn og gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar, með sorpi í, mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Í sambandi við stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Verði tekið upp sorphirðugjald skv. 7. gr., leggur Fellahreppur til einn sorppoka fyrir hverja íbúð vikulega. Aukapoka má fá keypta í verslunum.

5. gr.

Allt það sorp, sem eigi verður látið í poka eða hirða þarf örur en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast sjálfir á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og víðameiri sorphirðu en segir í 4. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá

sorphirðu. Annan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði Fellahrepps, skal framkvæma eftir fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (-fulltrúa) og fulls þrífnaðar gætt.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps greiðist af sveitarsjóði, þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald í gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald innheimtist af íbúðum í þéttbýli sem njóta ofangreindrar þjónustu. Njóti íbúar í dreifbýli sorphirðuþjónustu þá greiði þeir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar í samræmi við veitta þjónustu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkra kvörtun til hreppsnefndar Fellahrepps eða heilbrigðisnefndar(-fulltrúa).

9. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem hlutast þá til um að úr verði bætt. Sorphirðumönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Fellahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Fellahreppi í Norður-Múlasýslu árið 1991.

1. gr.

Upphæð sorphirðugjalds í Fellahreppi (þéttbýli) fyrir árið 1991 skal vera kr. 3 900 skv. 7. gr. samþykktar um sorphreinsun frá 9. janúar 1991. Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Fellahrepps er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfisráðuneytið, 16. maí 1991.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.